

En hjör minn er hrökkvinn í miðju. —
Ó, herra, styrk sverðbrotið mitt.

Ó, vorkenn mér ei eða vægðu —
— Ég veit að hann spottast að mér —
og heifstina í lund hans ei lægðu.
Ég lamaður mótt honum fer.
Ég hirði ekki um sigursins heiður,
og hræðist ei voðann né nótt.
Það gjöra að eins gungur og bleyður.
Ó, gefðu mér mannlegan þrótt!

Rökkrið er rauðleitt! Það hríðar!
“Raggeit!” Pú kallar. — Pú laugst!
En sárin í brjósti mér svíða,
því sverð þitt við hjarta mér straukst.
Ó striðs-guð, í fyrstu' eg þér fól mig
og frá þér eg aldreiði rann.
Gef einungis að hún, sem ól mig
hafi alið og fóstrað upp mann!

E. Á.

